

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa
Sócialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um viðbrögð Reykjavíkurborgar við
nýjum persónuverndarlögum***

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sócialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um viðbrögð Reykja'víkurborgar við nýjum persónuverndarlögum.

Með hvaða hætti hefur Reykjavíkurborg uppfyllt ný persónuverndarlög og hver er kostnaðurinn við það?

Með bréfi dags. 25. júlí 2018 var óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um fyrirspurnina.

Reykjavíkurborg hóf formlega vinnu við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar vorið 2017 á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 (persónuverndarreglugerðarinnar) voru gerð drög að verkáætlun til undirbúnings á innleiðingu, en fyrirséð var að reglugerðin myndi öðlast gildi á meðal aðildarríkja ESB þann 15. maí 2018. Óljóst var þó á þeim tíma hvort sama tímamark myndi gilda um önnur lönd á evrópska efnahagssvæðinu, sem og hvernig Ísland hygðist nýta sér það svigrúm sem reglugerðin veitti aðildarríkjum til að útfæra einstök ákvæði reglugerðarinnar, svo sem varðandi ýmis réttindi einstaklinga og sektarheimildir persónuverndaryfirvalda til stjórnvalda og fyrirtækja.

Starfshópi var komið á fót af hálfu borgarstjóra í maí 2017 (R17050041). Var hlutverk starfshópsins skilgreint á þann veg að á þeim vettvangi væri höfð yfirumsjón með rýni á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar yrðu með tilkomu þess. Stefán Eiríksson borgarritari er formaður hópsins. Starfshópnum var meðal annars falið að skipa verkefnahópa um öryggi persónuupplýsinga á fagsviðum og í miðlægri stjórnsýslu og skilgreina verkefni þeirra, framkvæma kortlagningu á persónugreinanlegum gögnum samkvæmt reglugerðinni í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, greina uppruna gagna, tilgang með söfnun og vinnslu þeirra, geymslu og hugsanlega eyðingu. Jafnframt var starfshópi falið að gera aðgerðaráætlun og móta drög að úrbótum til þess að tryggja að meðferð persónuupplýsinga geti sem best samræmst nýjum persónuverndarlögum. Fagsviðum og miðlægum skrifstofum Reykjavíkurborgar var falið að framkvæma almennt mat á framangreindum þáttum.

Í febrúar 2018 lágu fyrir drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga sem nú hafa verið samþykkt

sem lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum. Í kjölfarið fór ítarleg greining á umfangi starfsstöðva Reykjavíkurborgar á grundvelli þeirrar vinnu sem fram hafði farið á fagsviðum og í miðlægri stjórnsýslu borgarinnar. Á vettvangi starfshópsins var ákveðið að gerð skráa yfir vinnslustarfsemi (vinnsluskráa) fyrir sérhverja starfsstöð Reykjavíkurborgar yrði forgangsverkefni í yfirstandandi innleiðingu í ljósi ábyrgðarskyldu 26. gr. nýrra persónuverndarlaga, sbr. 30. gr. reglugerðarinnar.

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum mánuðum notið sérfræðiaðstoðar frá lögmannsstofunni Landslögum við gerð vinnsluskránna. Þann 25. apríl 2018 samþykkti jöfnunarsjóður sveitarfélaga að veita Reykjavíkurborg í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga 15.000.000 kr. framlag til kaupa á sérfræðiráðgjöf þessari vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum í leikskólum, grunnskólum og frístundaþjónustu sveitarfélaga. Reykjavíkurborg mun loks miðla afurð þessarar vinnu til annarra sveitarfélaga á vettvangi samráðshóps sveitarfélaga á vegum Sambandsins. Í tengslum við verkefni þetta liggja fyrir vinnsluskrár fyrir grunnskólann Húsaskóla, leikskólann Hálsaskóg, frístundaheimilið sem og frístundamiðstöðina Tjörnina. Jafnframt hafa Landslög lögmannsstofa aðstoðað Reykjavíkurborg við gerð vinnsluskrár fyrir þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Þá hafa sérfræðingar Reykjavíkurborgar hafist handa við kortlagningu á velferðarsviði, skóla- og frístundasviði sem og í miðlægri stjórnsýslu.

Í framhaldi af kortlagningu mun fara fram greining á vinnsluskránum í ljósi ákvæða reglugerðarinnar og ákvarðanir teknar um hvort og hvað Reykjavíkurborg hyggst aðhafast vegna ákvæða sem liggja þvert á starfsemi borgarinnar, svo sem hvað snertir upplýsingarétt hins skráða, innbyggða og sjálfgefna persónuvernd, mörk persónugreinanlegrar vinnslu og tímamörk dulkóðunar, upplýsingaöryggi og tilkynningarskyldu um öryggisbrot, mat á áhættu á vinnslu og fyrirframsamráð Persónuverndar, gerð persónusniðs og sjálfvirka ákvörðunartöku, innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga auk greiningu á vinnsluaðilum og gerð vinnslusamninga við þá sem samræmist kröfum nýrra persónuverndarlaga. Í kjölfar þess mun Reykjavíkurborg öðlast yfirsýn yfir þau verkefni sem ljúka þarf svo ásættanleg hlítning við ný persónuverndarlög geti orðið raunin á næstu misserum.

Samhliða kortlagningu persónuupplýsinga á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar hefur verið lögð áhersla á endurskoðun á upplýsingagjöf til íbúa Reykjavíkurborgar og annarra þjónustunotenda að því er snertir fræðsluskyldu og efni eyðublaða, svo sem hvað varðar upplýst samþykki skráðra einstaklinga fyrir vinnslu persónuupplýsinga þegar svo á við. Þá hefur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara sinnt fræðslu til starfsfólks Reykjavíkurborgar og vakið athygli stjórnenda og starfsfólks á nauðsyn þess að gera þurfi breytingar á verklagi og tilhögun vinnslu persónuupplýsinga vegna nýrrar löggjafar. Jafnframt hefur verið ríkt samráð á meðal lögfræðinga í miðlægri stjórnsýslu, velferðarsviði og skóla- og frístundasviði vegna innleiðingar, og hugað hefur verið að stofnun verkefnahópa sem munu hafa skilgreint hlutverk og starfa á vegum starfshóps. Á allra næstu vikum er fyrirhugað að setja á fót samráðsvettvang vegna mótunar upplýsingaöryggisstefnu fyrir Reykjavíkurborg og skipunar upplýsingaöryggisfulltrúa inni á fagsviðum og miðlægri stjórnsýslu.

Um þessar mundir hefur Dagbjört Hákonardóttir, lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara umsjón með innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar í miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og gegnir jafnframt hlutverki persónuverndarfulltrúa skv. 35. gr. persónuverndarlaga.

Áfallinn kostnaður þann 1. ágúst sl. vegna innleiðingarinnar hjá Reykjavíkurborg er 18.130.000 kr. Þá hafa þeir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem komu munu að málaflokknum sótt námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands en þau námskeiðsgjöld falla utan þessa kostnaðar.

Helga Björg Ragnarsdóttir

